

Fundargerð samstarfsnefndarfundar Eflingar og SFV

Mættir f.h. Eflingar: Sólveig Anna Jónsdóttir og Ragnar Ólason

Mættir f.h. SFV: Tryggvi Friðjónsson, Lilja Harðardóttir, Sigríður Sigurðardóttir og Stella Kristín Víðisdóttir.

Fundarstaður: Hér og þar / á Teams

Dagsetning / tími: 4. febrúar 2021

Fundardagskrá: Endurskoðun stofnanasamnings

Endurskoðun / breyting á stofnanasamningi milli SFV og Eflingar

Tilfni endurskoðunar á stofnanasamningi er einkum breytt launatafla sem tekur gildi frá og með 1. janúar 2021, sbr. kjarasamning Eflingar og SFV dags. 18. júní 2020. Í bókun 4 með kjarasamningnum er kveðið á um tiltekið fjármagn, að upphæð u.þ.b. 251 m.kr., sem kemur til ráðstöfunar á stofnunum vegna vörpunar í nýja launatöflu.

1. Vörpun í nýja launatöflu - Aðferð

Lágmarkshækkun miðað við fullt starf er kr. 24.000. Starfsfólk sem ekki nær þessu lágmarki samkvæmt nýju kerfi fær þrep (vörpunarþrep*) sem tryggir þeim lágmarkshækkun.

*Vörpunarþrep;

Starfsmaður sem fær vörpunarþrep til að tryggja honum 24.000 lágmarkshækkun heldur vörpunarþrepinu á meðan hann starfar ósliði hjá viðkomandi aðildarfélagi SFV. Flytjist starfsmaður A í starfsmann B eða öfugt heldur viðkomandi vörpunarþrepinu.

- Vörpunarþrep falla niður ef starfsmaður A eða starfsmaður B flytjast í starfsheitin matartæknir eða félagsliði.
- Vörpunarþrep falla ekki niður við hækkunir vegna starfsaldurs, menntunar og ábyrgðar (innan sömu starfaflokkunar)


2. Röðun starfa í nýjum stofnanasamningi verður frá og með 01.01.2021:

<u>Starf</u>	<u>Grunnlaunasetning</u>
Félagsliði	11
Matartæknir	11
Starfsmaður A	06
Starfsmaður B	06

3. Flokkar / þrep umfram grunnlaunasetningu

Einingar í launatöflu við hækkun umfram grunnlaunasetningu breytast með eftirfarandi hætti:

<u>Þáttur</u>	<u>Núverandi</u>	<u>Verður í nýjum stofnanasamningi</u>
Starfsaldur	Launaflokkur	Launaflokkur
Formleg menntun	Launaflokkur	Þrep
Endur- og símenntun	Launaflokkur	Þrep
Næturvaktir	Launaflokkur	Þrep
Sérstök ábyrgð	Starfaskilgreining	Þrep
Annað	Launaflokkur	Launaflokkur


1

4. Breyting starfaskilgreiningar og upptaka sérstakrar ábyrgðar í starfi

Starf A verður Starfsmaður A. Starf B og Starf C verður Starfsmaður B. Starf D og Starf E fellur niður en í staðin er tekin upp sérstök ábyrgð í starfi sem rúmar skilgreiningar á Starfi D og Starfi E auk þess að inn kemur ábyrgð á verkstjórn.

5. Niðurfelling álags vegna næturvinnu

Launaflokkar vegna starfa að næturlagi falla niður en þeir sem eru með launaflokka vegna vinnu að næturlagi fyrir 1. janúar 2021 halda þeim og frá þeim tíma að telja í formi launaprepa.

Launaprep vegna vinnu að næturlagi;

- haldast inni hjá starfsmanni á meðan hann starfar óslitið hjá viðkomandi aðildarfélagi SFV. Launaprep vegna vinnu að næturlagi falla niður ef starfsmaður A eða starfsmaður B flyst í starf sem félagsliði.
- falla ekki niður við hækkanir vegna starfsaldurs, menntunar og ábyrgðar (innan sömu starfaflokkunar)

6. Gildistími


Nýr stofnanasamningur gildir frá og með 1. janúar 2021.


Með nýjum stofnanasamningi hefur því fjármagni verið ráðstafað sem veitt var til handa Eflingarfólki samkvæmt bókun 4 með kjarasamningi Eflingar og SFV dags. 18. júní 2020.

Nýr stofnanasamningur undirritaður

Fleira ekki rætt og fundi slitið

Nýr fundur verður boðaður síðar


Solveig L. Jónsdóttir


Steinn K. Viðis
Sigríður Sigríðsdóttir